

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. desember 2023  
Málsnúmer: 202311-0047  
LA

## Efni: Umsögn um rannsóknarleyfi vegna Seljaárvirkjunar í Kaldranahreppi

Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun, dags. 22. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknarleyfisumsókn Smávirkjana ehf. vegna Seljaárvirkjunar í Kaldranahreppi. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára til að afla þekkingar á aðstæðum á svæðinu vegna frumhönnunar virkjunar, afla fullnægjandi gagna vegna tilkynningaskyldu framkvæmda um mat á umhverfisáhrifum og meta hagkvæmni virkjunarinnar. Seljaárvirkjun er metin vera um 2 MW og gefa möguleika á 9,2 GWh af raforku. Afmörkun rannsóknarsvæðisins kemur fram í greinargerð (hnitsett) en flatarmál svæðisins er ekki tiltekið. Vatnasvið er metið vera 12,5 km<sup>2</sup> að stærð.

Náttúrufarsrannsóknnum á Vestfjörðum er almennt ábótavant. Nákvæm jarðfræðikort yfir berggrunn og jarðgrunn eru ekki til fyrir rannsóknarsvæðið og rannsóknir á lífríki straum- og stöðuvatna vantar. Svæðið er allvel gróið og á Trékyllisheiði er töluvert af votlendi. Kanna þarf vistgerðir með hátt verndargildi og hvort vástategundir finnast innan svæðisins. Gera þarf sérstaka úttekt á fuglalífi í votlendi og á heiðavötnum rannsóknarsvæðisins.

Í rannsóknaráætlun kemur fram að farið verður m.a. í jarðfræðirannsóknir, berggrunnur kannaður og leitað að heppilegu byggingarefni á svæðinu s.s. fyrir vegagerð, stíflugerð o.fl. Í tengslum við það verður líklega þörf á könnunarholum innan svæðisins. Fram kemur á bls. 9 að „Ekki er gert ráð neinu raski á svæðinu vegna rannsókna sem kalla á stórvirkar vélar, tæki eða mannvirki af neinu tagi.“

Rannsóknarsvæði Seljaárvirkjunar er að mestu óraskað. Náttúrufræðistofnun mælist alfarið gegn því að ruddir verði slóðar upp á heiðina til rannsókna en frekar leitað annarra leiða. Ef þörf er á könnunarholum mælist Náttúrufræðistofnun til þess að það sé gert með tillitssemi við náttúru og umhverfi, að öllu raski sé haldið í lágmarki og frágangur þess vandaður, með það að sjónarmiði að varðveita náttúrulega ásýnd svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við rannsóknarleyfi vegna Seljaárvirkjunar

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsviði

